

E 3/2022

Fyrirspyrjandi Elin Segerlind  
Til Ríkisstjórnar Danmerkur

Ríkisstjórn Danmerkur

### Skrifleg fyrirspurn um umhverfisáhrif Lynetteholm

Í Danmörku eru hafnar framkvæmdir við hina manngerðu eyju Lynetteholm utan við Kaupmannahöfn. Áformin um 280 hektara landfyllingu úti í sjó til að verja Kaupmannahöfn fyrir skaðlegum loftslagsbreytingum hafa hlotið mikla gagnrýni fyrir að taka ekki nægilegt tillit til þeirrar hættu á umhverfisslysum sem eru samfara framkvæmdinni.

Ummæli sænskra ríkisstofnana í samráðsferlinu hafa einkennst af mikilli tortryggni. Héraðsstjórnin á Skáni lýsti í umsögn sinni ýmsum vandamálum og gloppum í umhverfismatsskýrslunni sem gerð var. Meðal annars benti hún á ófullnægjandi útreikninga á hve mikil dreifing frá setlögum yrði og hve mikil áhrif hún hefði á svæðin í kring, þar á meðal ýmis vernduð Natura 2000-svæði. Við óbreytt áform telur hún einnig vera hættu á að vatnsflæði gegnum Eyrarsund minnki og þar með minnki streymi saltvatns og súrefnisríks vatns til margra svæða í Eystrasalti sem eru þegar súrefnissnauð.

Héraðsstjórnin telur einnig að marhálmsengi á svæðinu hverfi. Því hefur verið slegið föstu að marhálmsengi séu með allra mikilvægustu varðveisluaðgerðum þar sem grunnt er og þess vegna er unnið að því að endurreisa marhálmsengi meðfram vesturströndinni en það reynist oft þrautin þyngri.

Sænska Náttúruverndarstofnunin sendi svar sitt um áframhaldandi samráð 5. maí og sagði að ekki væri hægt að líta svo á að samráði væri lokið. Náttúruverndarstofnunin benti meðal annars á að þeir losunarstaðir sem urðu fyrir valinu uppfylltu ekki skilyrði um hvað gæti talist heppilegt. Auk þess hélt hún því fram að gegnumstreymi vatns væri ekki lýst með fullnægjandi hætti í umhverfismatsskýrslunni og að beita þyrfti varúðarreglunni meðan svo stæði á.

Per Bolund, þáverandi umhverfisráðherra Svíþjóðar, sagði í júní 2021 að viðræður færu enn fram við Dani. Umhverfisráðherrann sagði enn fremur að ríkisstjórn Svíþjóðar hefði reynt að ná sambandi við umhverfissráðherrann í Danmörku en að



boðuðum fundum hefði verið aflýst af hálfu Dana. Síðan hafa okkur ekki borist neinar fréttir af samráði milli sænsku og dönsku ríkisstjórnarinnar.

Sænsk stjórnvöld una enn ekki við lýsingu Dana á umhverfisáhrifum og öðrum afleiðingum og samkvæmt Náttúruverndarstofnuninni er enn ekki hægt að líta svo á að samráðinu sé lokið. Þrátt fyrir þetta hefja Danir framkvæmdir við eyjuna Lynetteholm.

**Með hliðsjón af þessu er lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:**

- Lea Wemelin, umhverfismálaráðherra  
Hyggst ráðherrann grípa til ráðstafana til að tryggja að samráð við Svíþjóð verði endurupptekið í því skyni að tryggja að sjávarumhverfi, vatnsgæði og lífríki í Eyrarsundi og Eystrasalti standi ekki ógn af framkvæmdunum?

Norðurlöndum, 24. janúar 2022

*Elin Segerlind (V)*